



Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 28. nóvember 2017

Fundur skipulags- og umhverfisnefndar Vopnafjarðarhrepps

28. nóvember 2017, haldinn í Miklagarði kl. 12:00

Mætt til fundar: Borghildur Sverrisdóttir, Baldur Kjartansson, Jakobína Ósk Sveinsdóttir, Heiðbjört Antonsdóttir, Hinrik Ingólfsson og Baldur H. Friðriksson.

Einnig sat fundinn Magnús Már Þorvaldsson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál: **Fagrihjalli 22** – Eigendur æskja heimildar til breytinga á fasteigninni sem felst í opnun á milli hæða og breytinga á herbergjaskipan í kjallara. Meðfylgjandi eru grunnmyndir sem sýna húsið fyrir og eftir breytingu.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemdir við breytingarnar og mun samþykkja þær þegar endanlegir uppdrættir liggja fyrir.

1. mál: **Fagrihjalli 9** – Óskað er heimildar til endurnýjunar sólstofu við húsið skv. erindi dags. 28.09.17. Verður stofan eins og sú sem fyrir er með litað gler í stað plexí.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir breytingarnar samhljóða.

1. mál: **Lónabraut 39** – Bygging bílskúrs, breyting á klæðningu á honum og síðar íbúðarhúsi. Nýjar dyr á húsið á suðvesturgafli og er sýnt á meðfylgjandi uppdrætti. Bílskúrsbyggingin var samþykkt á fundi bygginganefndar 06. febrúar 2014.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir bygginguna og breytingarnar samhljóða.

1. mál: **Deiliskipulagsbreyting á hafnarsvæði Vopnafjarðar** – Í vinnslu er deiliskipulagsbreyting á hafnarsvæði Vopnafjarðar hjá YRKI ark. Skv. skeyti Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur landsl.ark. hafa spurningar vaknað við vinnuferlið og þær hér með til umræðu í skipulags- og umhverfisnefnd. Meðf. er einnig svar Sigurðar Jónssonar bygg.fltr. við skrifum Sigurborgar Óskar.

Málinu frestað til næsta fundar.

1. mál: **Landskikinn Ytri-Hvammur í landi Haga** – Eigandi óskar breytingar á skráningu á landskikanum sem skráð er *sumarbústaðaland* en verði skráð sem *annað land*.

Skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir breytinguna fyrir sitt leyti.

1. mál: **Hafnarbyggð 29** – Fyrirspurn um bílskúrsbyggingu sunnan íbúðarhúss samtengt kjallara þess.

Skipulags- og umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við byggingu bílskúrs á þessum stað og mun taka erindið fyrir þegar endanlegir uppdrættir berast.

Ekki fleira tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samhljóða samþykkt – fundi slitið kl. 12:45.